Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Yngri nemendur

Jólabarnið

Magnús Pétursson/Jóhannes úr Kötlum

Sko hvernig ljósin ljóma,
á litlu kertunum þínum.
- Þau bera hátíð í bæinn
með björtu geislunum sínum.

Þú finnur ilminn af ýmsu,
svo ósköp fallegu´ og góðu.
Og jólagjafirnar glitra
í gegnum töfrandi móðu.

Þú brosir er loginn blaktir
á bláum kertum og rauðum.
Öll þín óspillta gleði
yljar ríkum sem snauðum.

Þú flýtir þér út í fjárhús,
þér finnst nú óþarft að hræðast.
Það grætur yndislegt ungbarn
sem áðan var þar að fæðast.

Þess foreldrar feimin bíða
í fátækt og miklum vanda.
- Þau bíða´ eftir betra skýli
barni sínu til handa.

Þá kemur þú með þín kerti,
kveikir við jötuna lágu
og réttir fram hreina og hlýja
höndina þína smáu.

Og bláeyga jólabarnið
þú berð inn í vöggu þína.
Og allir englarnir syngja
og allar stjörnurnar skína.

Ó, guð! Það er gaman að vera
góða barnið – og finna
allan hinn undursamlega
yndisleik jóla þinna.



Amma engill

Þegar amma varð engill á himnunum há
var heimilið dapurt og sorglegt að sjá.
En óskanna stjarna á aðfangadag
mér ömmu þá sendi með himneskum brag.

Hún amma er hjá mér um jólin
til að baka, til að taka til að vaka með mér.
Í kirtli svo hvítum, með vængi,
og með kökugerðarsvuntuna um mittið á sér.

Með vængjanna blaki var rykið á braut.
Svo bjó hún úr hári sér glitrandi skraut.
Og gólfið hún bónaði bendingum með
svo betra gólf bónað ég aldrei hef séð.

Hún amma er hjá mér um jólin ….

Í eldhúsi rjúpurnar reytti' hún af snilld,
og rabbaði' um daginn og veginn að vild.
Í sérríið fór hún svo fínt við og við
og fékk sér í nefið að íslenskum sið.

Er ofnskúffan átjándu sortina sá
að síðustu amma loks settist mér hjá
og sagði mér sögur og kvæði hún kvað.
Þá komu loks jólin. Já, þannig var það.

Hún amma er hjá mér um jólin…..

Til að baka, til að taka til og vaka með mér.
og með kökugerðarsvuntuna um mittið á sér.

Amma engill.

Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Yngri nemendur



Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn,
þá kom lítið héraskinn,
sem vildi komast inn.
Jólasveinn ég treysti á þig,
veiðimaður skýtur mig,
komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn.

En veiðimaður kofann fann,
jólasveininn spurði hann:
Hefur þú séð héraskinn
hlaupa‘ um hagann þinn?
Hér er ekkert héraskott
hafa skaltu þig á brott
Veiðimaður burtu gekk
og engan héra fékk.

Pat a pan

Bernard de la Monnoye/Marta Hrafnsdóttir

Villi taktu trommuna,
Vala taktu flautuna.
Er við heyrum ykkar tón,
túrílúrílú pat a patapan.
Er við heyrum ykkar tón,
syngjum við með fagnaðar róm.

Í gamla daga báru menn
kóngi sínum kveðjurnar.
Er þeir flautuðu sitt lag
túrílúrílú pat a patapan
og trommuðu með sínum brag,
sína kveðju á jóladag.

Guð og menn við sameinumst
með flautu’ og trommuslag.
Syngjum, dönsum, spilum dátt,
túrílúrílú pat a patapan.
Gleðjumst öll á jóladag
með gleðitónabrag.



Það á að gefa börnum brauð

Jórunn Viðar/þjóðvísa

:,:Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð og klæðin
rauð og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð og Grýla
dauð og Grýla dauð
gafst hún upp á rólunum.:,:



Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Yngri nemendur

Melaskólajól

Lag: Snorri Pétur Eggertsson
Texti: Snorri Pétur Eggertsson og Svava María Þórðardóttir

Melaskólajól

Það eru væringar í loftinu, hin vinalegu ljós
sem veita innri yl er vatnið frýs.
Með frið í sál og sinni, hjá frostsins köldu rós,
framar vonum verða börnin vís.

Við jólasveina Jóhannesar æfum út í eitt
og jólaleikrit efsta bekkjar með.
Og helgileikinn þyljum, já hér er engu breytt,
hallejúja', ég batterí brátt hleð.

Í Melaskóla' í jólafíling,
í Meló finn ég gleði og frið.
Í Meló allt er fært í stílinn,
já, Meló færir mér gæfuríka tíð.

Melaskólajól

Undir norðurljósabjarmanum er
nostalgían góð,
svo notalegt er frímínútum í.
Já, desember er strembinn, hann
dreyma börnin hljóð,
svo dásamlegt - það er að koma frí!

Er koma' upp jólaljósin, þá kætast börn og menn,
nú kviknar gleði hjörtum okkar í.
Við gleymum þeim þó ekki, er þrautin þjakar enn,
þau þrá að sólin rísi senn á ný.

:,:Í Melaskóla' í jólafíling,
í Meló finn ég gleði og frið.
Í Meló allt er fært í stílinn,
já, Meló færir mér gæfuríka tíð.:,:

Melaskólajól - Gleðileg jól!

